

Breyting á deiliskipulagi við Skálalæk í landi Indriðastaða er varðar lóð Skálalækjarás 22



landlínur
horning og skipulag



Dagsetning breytingar deiliskipulags 31.10.2022

Óveruleg breyting deiliskipulags við Skálalæk í landi Indriðastaða felur í sér breytingu á byggingarskilmálum fyrir lóð Skálalækjarás 22. Skipulagsuppdráttur er óbreyttur. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022.



Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag við Skálalæk í landi Indriðastaða, sem samanstendur af skipulagsuppdrátti og greinargerð. Auglýsing nr. 629/2003 um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 29.08.2003. Það hafa verið gerðar fjórar breytingar á deiliskipulaginu, þær voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda þann 6.08.2021 (909/2021), 13.12.2019 (1098/2019), 25.09.2009 (803/2009) og 25.05.2020 (473/2020).

Nýtingarhlutfall í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er 0,05. Stærð lóðar Skálalækjarás 22 er 4769 m² og heimilað byggingarmagn lóðar er 120 m².

Skjalagögnun

Mótt.: 21 mars 2023

Málnr.

Lýsing á breytingu

Breytingin tekur til greinar 3.3 *Húsbyggingar* í greinargerð deiliskipulags er varðar byggingarmagn og mænishæð.

Fyrir breytingu:

3 Byggingarskilmálar

3.3 Húsbyggingar

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss er ýmist 100m² eða 120m². Frístundahús á lóðum undir 4500m² skulu ekki vera stærri en 100m², að meðaltalinni geymslu. Frístundahús á lóðum 4500m² eða stærri skulu ekki vera stærri en 120m², að meðaltalinni geymslu. Á skipulagsuppdrætti er tilgreind stærð húss hvers byggingarreits fyrir sig.

Mænishæð: Mænishæð frá gólfi fyrir frístundahús skal að hámarki vera 4,5 m, fyrir geymslu 3,2 m. Haft skal sem viðmið að gólfhæð og hæð verandar yfir landi yfirstígi ekki 1,5 m. Gæta ber að því að haga hönnun og staðsetningu hússins á þann veg að það falli vel að landformi. Sums staðar gæti verið þörf á að stalla hús og verönd.

Eftir breytingu:

Sérskilmálar fyrir Skálalækjarás 22

3 Byggingarskilmálar

3.3 Húsbyggingar

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss á lóð Skálalækjaráss 22 skal vera að hámarki 238 m², að meðtalinni geymslu.

Mænishæð: Mænishæð frá gólfi fyrir frístundahús skal að hámarki vera 5,4 m, fyrir geymslu 3,2 m.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá 6.12. 2022 til 6.1. 2023

Var samþykkt í hreppsnefnd þann 18.1. 2023



Samþykkt breytingarinnar á skipulagsskilmálum var auglýst í

B-deild Stjórnartíðinda þann 27.2. 2023